

Árสปing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,  
haldið 16. apríl 2021,  
samþykkir eftirfarandi ályktun:

**Fjármál sveitarfélaganna**

Lykilatriði

- *Stjórnvöld styðji við sveitarfélögin í landshlutanum með almennum aðgerðum auk sértækra aðgerða til að mæta tekjutapi og kostnaðarauka vegna áhrifa Covid-19.*

Greinargerð

Áhrif heimsfaraldursins á sveitarfélögin í landinu hafa verið mikil og sveitarfélög á Norðurlandi vestra eru þar engin undantekning. Afar brýnt er gripið verði til almennra aðgerða vegna ástandsins sem klárlega hefur áhrif á öll sveitarfélögin í landinu. Að mati ársþings SSNV er vænlegasta almenna aðgerðin að tryggja að ekki verði skerðing á framlögum úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna með því að veita viðbótarfjármagni til sjóðsins og tryggja að krafa Reykjavíkurborgar á ríkissjóð um greiðslur úr sjóðnum hafi ekki áhrif á úthlutanir til sveitarfélaga á landsbyggðinni. Þannig verði tryggt að fyrirsjáanlegar sveiflur í tekjum sjóðsins vegna efnahagsástandsins muni ekki hafa áhrif á framlög til sveitarfélaganna. Með því móti geta sveitarfélögin rækt hlutverk sitt í endurreisn samfélaganna í kjölfar heimsfaraldursins og haldið úti nauðsynlegri þjónustu fyrir íbúa.

**Innviðir Norðurlands vestra**

Lykilatriði:

- *Verulega verði aukið við innviðaframkvæmdir í landshlutanum, svo sem:*
  - *Framkvæmdir við Skagastrandarveg hefjist strax.*
  - *Fjármagn til viðhalds og uppbyggingar stofn- og tengivega verði stóraukið, sem og sumar- og vetrarþjónusta við vegi í landshlutanum í samræmi við Samgöngu- og innviðaaáætlun Norðurlands vestra.*
  - *Alexandersflugvöllur á Sauðárkróki verði á ný skilgreindur í grunnneti flugvalla og nægilegt fjármagn verði tryggt til viðhalds hans og uppbyggingar svo hefja megi áætlunarflug þangað að nýju.*
  - *Flugvöllurinn á Blönduósi verði eins fljótt og auðið er lagður bundnu slitlagi til að hann geti sinnt hlutverki sínu sem sjúkraflugvöllur þegar á reynir og ekki þurfi að fara annað vegna t.d. aurbleytu á vellinum.*
  - *Hafist verði handa við að stækka verknámshús Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.*
  - *Ráðist verði í úrbætur á fjarskiptasambandi, Gsm, Tetra og 5 G, í landshlutanum*

- *Stuðningi við ljósleiðaravæðingu verði framhaldið með fjármagni til dýrustu og erfiðustu tenginganna sem eftir sitja sem og þéttbýlisstöðum.*
- *Prífösun rafmagns verði hraðað sem kostur er í landshlutanum.*
- *Framlög til stofnana ríkisins í landshlutanum verði augin til að mæta niðurskurði allt frá efnahagshruni og eina minnstu aukningu á landinu á fjölgun starfandi einstaklinga frá hruni.*
- *Til sérstakra aðgerða verði gripið til að styrkja Háskólann á Hólum og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og að stuðningi við dreifnám verði framhaldið.*
- *Heimild til afsláttar af námslánnum til nemenda á aðgerðasvæðum verði víkkaður út og nái til Norðurlands vestra.*  
*Komið verði á stuðningi við nemendur á framhalds- og háskólastigi sem náms síns vegna þurfa að flytjast til höfuðborgarsvæðisins.*

### Greinargerð

Á krepputímum er mikilvægt að ríkið auki við framkvæmdir til að viðhalda atvinnustigi og hagvexti í landinu. Á Norðurlandi vestra er tækifæri til að ráðast strax í fjölmargar framkvæmdir sem myndu leiða til stöðugleika í atvinnustigi og koma í veg fyrir fólksfækkun í landshlutanum.

Ábyrgð á hinum ýmsu innviðum sveitarfélaga er bæði hjá sveitarfélögum og ríki. Víðtæk íbúakönnun, sem gerð var árið 2020, sýnir að íbúar telja að sveitarfélögin á Norðurlandi vestra standi sig nokkuð vel varðandi þá innviði sem þau bera ábyrgð á, svo sem grunn- og leikskóla. Sömu sögu er ekki hægt að segja um þá innviði sem ríkisvaldið ber ábyrgð á og er þar helst að nefna samgöngumannvirki. Í samgöngu- og innviðaaætlun landshlutans<sup>1</sup> kemur einnig skýrt fram að ástand fjarskipta í landshlutanum, einkum Gsm, Tetra og 4G samband er óviðunandi og þarf að gera úrbætur á því tafarlaust.

Í sömu áætlun sameinast sveitarfélögin á starfssvæði samtakanna um forgangsöröðun verkefna í samgöngumálum og er Skagastrandarvegur efstur á blaði. Það verk er komið í farveg og brýnt að framkvæmdir hefjist strax. Einnig er Vatnsnesvegurinn í sameiginlegum forgangi í landshlutanum og afar brýnt að sú framkvæmd færist framar í samgönguáætlun, áratugar bið eftir úrbótum á þeim vegi er ekki ásættanleg. Einnig er þess krafist að fjármunir til viðhalds stofn og tengivega í landshlutanum verði stórauknir sem og sumar- og vetrarþjónusta en í landshlutanum er hæsta hlutfall malarvega á landinu öllu. Jafnframt eru á síðari tímabilum samgönguáætlunar verkefni sem flýta mætti.

Afar brýnt er að Alexandersflugvöllur verði á ný skilgreindur í grunnet flugvalla. Með stuðningi *Loftbrúar* við innanlandsflug skapast á ný aðstæður til að hefja áætlunarflug í Skagafjörð. Með aukinni uppbyggingu á Akureyrarflugvelli, til að mæta megi auknu millilandaflugi um völlinn þegar ferðamenn fara að sækja landið heim að nýju, er jafnframt nauðsynlegt að gera

<sup>1</sup> <http://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/samgöngu-og-innviðaaætlun-nordurlands-vestra-juni-2019-prent.pdf>

Alexandersflugvöll að varaflugvelli fyrir millilandaflugvöllina á landinu en dæmin hafa sýnt að ekki er vanþörf á því þegar flugumferð er hvað mest. Flugvöllurinn er einstaklega vel staðsettur til að hann þjóni bæði Akureyrar- og Keflavíkurflugvelli, sem varavöllur. Aðeins er um klukkustundar akstur til Akureyrar og um 3,5 klst. akstur til Reykjavíkur.

Mikilvægi Blönduósflugvallar sem sjúkraflugvöllur hefur verið viðurkennt og unnið hefur verið að endurbótum á honum til að hann nýtist sem slíkur. En þó er lykilatriði sem uppá vantar og það er bundið slitlag. Blönduósflugvöllur er eini sjúkraflugvöllur landsins sem ekki er með bundnu slitlagi og stenst völlum þar af leiðandi ekki þær kröfur sem nútíma sjúkraflug þarfnast. Þegar þarf að nota sjúkraflug segir það sig sjálft að keppnin er við tímann og það eru öll bráðatilfelli flutt suður.

Nú hillir undir lok verkefnisins Ísland ljóstengt. Þó eru enn eftir dýrar og erfiðar tengingar sökum fjarlægða og/eða annarra staðhátta. Einnig er brýnt að hugað verði að hröðun ljósleiðaravæðingar þéttbýlis á landsbyggðinni með aðkomu ríkisins, einkum á þeim stöðum þar sem ekki eru markaðsforsendur fyrir uppbygginu kerfanna. Ótækt er að íbúar þéttbýlis á landsbyggðinni sitji eftir í þeirri mikilvægu uppbyggingu sem ljósleiðaravæðing er.

Í kjölfar óveðursins í desember 2019 var ráðist í nokkur mikilvæg verkefni tengd raflínum í landshlutanum. Þrífösun var flýtt á nokkrum stöðum, endurnýjun tengivirkis í Hrútatungu, lagning raflínu frá Varmahlíð til Sauðárkróks svo dæmi séu tekin. Þrátt fyrir þessi verkefni er ennþá af nógu að taka og brýnt að lokið verði við þrífösun í landshlutanum sem allra fyrst svo öryggi íbúa verði sem best tryggt við erfiðar aðstæður eins og sköpuðust veturinn 2019/2020.

Jafnt aðgengi allra til náms er afar mikilvægt atriði fyrir íbúa á landsbyggðinni. Ársþing SSNV leggur mikla áherslu á mikilvægi menntastofnana landshlutans í því tilliti. Háskólinn á Hólum og Fjölbrautaskólinn á Norðurlandi vestra eru hornsteinar þess að bæta menntunarstig landshlutans sem skv. könnunum er það lægsta á landinu. Báðar stofnanirnar berjast í bökkum sökum lágra rekstrarframlaga frá ríkinu. Það þarf að laga sem allra fyrst. Einnig er mikilvægt að dreifnámsdeildir Fjölbrautaskólans á Blönduósi og Hvammstanga fái áframhaldandi stuðning.

Ársþing SSNV leggur áherslu á að strax verði hafist handa við að reisa viðbyggingu við verknámshús Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Um er að ræða framkvæmd sem þegar hefur verið teiknuð og reist yrði í samvinnu ríkis og sveitarfélaganna á starfssvæðinu. Sveitarfélögin hafa þegar samþykkt þátttöku í verkefninu með fyrirvara um þátttöku ríkis og endanlegan kostnað. Þegar liggur beiðni inni í Menntamálaráðuneytinu um að ráðist verði í verkið. Einnig er lagt til að nemendur á mennta- og háskólastigi, sem verða að flytjast á höfuðborgarsvæðið eða Akureyri náms síns vegna, fái stuðning á formi dreifbýlisstyrks (dvalar- og húsnæðisstyrks) til að mæta þeim mikla kostnaði sem fylgir því að þurfa að flytjast á þessa staði til náms. Jafnframt er vakin athygli á að skattaívilnanir vegna menntunarkostnaðar barns gilda einungis um ungmenni á aldrinum 16-21 árs. Sveigjanleiki skólakerfisins í dag gerir það að verkum að

nemendur færast oftar upp á milli bekkja í grunnskóla og framhaldsskólar bjóða yngri nemendum upp á að hefja nám fyrr en ella sé ljóst að þeir séu hæfir til þess námslega. Því er mikilvægt að lækkun tekjuskattsstofns vegna menntunarkostnaðar barns náí til yngri nemenda en 16. ára.

Mikilvægt er að ríkisvaldið láti af þeirri stefnu sinni að krefja stofnanir sínar í landshlutanum um hagræðingu. Hagræðingarkrafa allt frá efnahagshruni hefur verið svo mikil að verulega þarf að bæta í svo þessar stofnanir náí vopnum sínum að nýju. Háskólinn á Hólum, Fjölbautaskóli Norðurlands vestra, heilbrigðisstofnanir og Sýslumannsembættið, svo dæmi séu tekin, eru nokkrar þeirra stofnana sem eru á forræði ríkisins á svæðinu. Þær eru mikilvægir hornsteinar í samfélögum á Norðurlandi vestra og þeir þættir sem fólk horfir m.a. til þegar velja á stað til búsetu með tilliti til atvinnumöguleika. Fjársvelti þessara stofnana skerðir búsetujafnrétti og er þannig á skjön við Byggðaáætlun þar sem skýrt kemur fram að eitt markmiða stjórnsvalda sé að jafna aðgengi að þjónustu.

## Hagvöxtur landshlutans

### Lykilatriði:

- *Ríkið standi með bændum til að koma í veg fyrir flóttu úr stéttinni með alvarlegum afleiðingum fyrir samfélög á Norðurlandi vestra.*
- *Öflugur stuðningur ríkisins við iðnaðaruppbyggingu á Norðurlandi vestra.*
- *Ríkið styðji myndarlega við nýsköpun í landshlutanum.*
- *Ráðist verði í stækkun Blönduvirkjunar með því skilyrði að viðbótarorka verði nýtt til iðnaðarstarfsemi á svæðinu.*
- *Ráðist verði í aðgerðir sem boðaðar eru í byggðaáætlun um auglýsingu starfa án staðsetningar hjá ríkinu sem og mat á kostum við að ný starfsemi á vegum ríkisins verði staðsett á landsbyggðinni.*
- *Staðinn verði vörður um þær starfsstöðvar stofnana ríkisins sem þegar eru staðsettar á Norðurlandi vestra og þær eflar til muna.*
- *Stofnaður verði starfshópur sem hefur það hlutverk að vinna tillögur að því hvernig fjölga má störfum á Norðurlandi vestra.*

### Greinargerð

Í skýrslu Byggðastofnunar, Hagvöxtur landshluta 2012 – 2017<sup>2</sup>, kemur fram að landbúnaður er grundvallaratvinnugrein á Norðurlandi vestra. Í könnun sem unnin var fyrir landshlutasamtökin kemur fram að vægi landbúnaðar er hvergi meira en á Norðurlandi vestra<sup>3</sup>. Þær þrengingar í landbúnaði, sérstaklega sauðfjárbúskap, sem hafa átt sér stað undanfarin misseri, eru grafalvarleg ógn við sveitarfélögin á Norðurlandi vestra sem er eitt mesta landbúnaðarhérað

<sup>2</sup> [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Hagvoxtur/hagvoxtur\\_landshluta\\_2012-2017\\_loka.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Hagvoxtur/hagvoxtur_landshluta_2012-2017_loka.pdf)

<sup>3</sup> <http://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/skyrslur/umsviflandbunadarlandshlutar-lokaeintak2.pdf>

landsins. Þess er krafist að ríkisvaldið standi með bændum og veiti þann stuðning sem þörf er á svo ekki verði flótti úr stéttinni með alvarlegum afleiðingum fyrir þau samfélög á Norðurlandi vestra sem byggja afkomu sína að einhverju eða mestu leyti á þjónustu við bændur. Einkum er mikilvægt að gerðar verði sömu velferðar- og heilbrigðiskröfur til innfluttra matvæla og innlendra og stuðningur verði veittur til markaðssetningar og vöruþróunar á afurðum til að auka verðmæti þeirra og þannig hækka afurðaverð til bænda. Einnig er brýnt að gerð verði sú krafa að kaupendur jarða uppfylli þær skyldur sem fylgja búsetu í landbúnaðarsamfélagi og geri sér grein fyrir að þessum skyldum er öllum landeigendum ætlað að fylgja. Jarðakaupum fylgja réttindi en þeim fylgja jafnframt skyldur.

Í skýrslu Byggðastofnunar kemur enn fremur fram að framleiðsla á mann er næstmínst á landinu á Norðurlandi vestra. Atvinnugreinar sem byggja á framleiðslu eru ekki margar né sterkar í landshlutanum. Það er því afar mikilvægt fyrir afkomu og fjölgun íbúa að landshlutinn nái að laða til sín atvinnutækifæri sem hjálpa til við að rétta af þann framleiðsluhalla sem landshlutinn á við að etja miðað við aðra landshluta. Gerð er sú krafa til stjórnvalda að þau komi að því með heimamönnum að snúa þessari þróun við, t.d. með öflugum stuðningi við iðnaðaruppbyggingu á Norðurlandi vestra. Í því felst aðstoð við uppbyggingu á svæðinu en ekki síst að nægileg raforka verði tryggð fyrir iðnaðarstarfsemi. Stjórnvöld eru, til að mæta þeirri orkuþörf, hvött til að ráðast í stækkun á Blönduvirkjun með því skilyrði að viðbótarorka verði nýtt til iðnaðarstarfsemi á svæðinu.

Árþing SSNV leggur jafnframt á það þunga áherslu að stóruaknu fjármagni verði veitt til nýsköpunar í landshlutanum til að efla megi þar atvinnulíf og fjölga störfum. Héraðið er frumframleiðsluhérað og eins og glöggst kemur fram í Sóknaráætlun landshlutans gefast hér fjölmörg tækifæri til fullvinnslu með tilheyrandi fjölgun starfa og verðmætasköpun. Slík uppbygging er kostnaðarsöm og því mikilvægt að stjórnvöld komi með myndarlegum hætti að stuðningi við frumkvöðla á svæðinu. Ekki fæst séð að breytingar á stoðkerfi nýsköpunar sem nú standa yfir komi til með að nýtast landshlutanum eins og vonast var til. Vill árþing SSNV benda á að farvegur sóknaráætlana er mun markvissari svæðisbundinn stuðningur en samkeppnispottur sem nær til landsins alls.

Í Byggðaáætlun áráanna 2018-2024 segir m.a. í kafla II. B:

- i. Opinberum aðilum verði falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar.*
- j. Metnir verði kostir þess að staðsetja nýja starfsemi á vegum ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins.*

Stjórnvöld eru hvött til þess að hrinda þessum áformum í framkvæmd með stóruaknu þunga. Á korti Byggðastofnunar yfir aðstöðu fyrir störf án staðsetningar í landshlutanum má sjá að fyrir hendi er nægt rými til að hýsa slík störf. Jafnframt er lögð áhersla á að vörður verði staðinn um þær starfsstöðvar stofnana ríkisins sem þegar eru á Norðurlandi vestra og leitað leiða til að fjölga þeim verkefnum sem þær sinna. Vert er að benda á að flutningur þeirra starfa sem þegar hefur farið fram á Norðurland vestra hefur gengið ákaflega vel, sem og rekstur þeirra

starfsstöðva sem þar eru. Má þar nefna aukin verkefni Sýslumannsembættisins á Norðurlandi vestra, Fæðingarorlofsjóð, greiðslustofu Vinnumálastofnunar, Húsnæðis og mannvirkjastofnun o.fl.

Ástand vinnumarkaðar í landshlutanum hefur versnað til muna í kjölfar Covid. Ferðaþjónustan var farin að ná sér á skrið í landshlutanum með jákvæðum áhrifum á afleidda starfsemi – ekki þarf að fjölyrða um það algera hrun sem greinin hefur orðið fyrir. Brýnt er að ferðaþjónustufyrirtæki fái stuðning til að fleyta sér í gegnum erfiðasta hjallann þar til ferðamenn fara að sækja landshlutann heim að nýju. Í því sambandi er einnig mikilvægt að markaðsstofa/áfangastaðastofa Norðurlands fái aukið fjármagn til að auka markaðssetningu og almennan stuðning við ferðaþjónustufyrirtæki í landshlutanum.

Niðurstöður fyrirtækjakönnunar sem unnin var fyrir Covid<sup>4</sup> gaf ekki tilefni til bjartsýni og ætla má að áhrif Covid geri það að verkum að ástandið sé enn verra en þær gefa til kynna. Niðurstöður fyrir Norðurland vestra eru með þeim verstu á landinu ef litið er yfir heildina. Veikleikar landshlutans í könnuninni voru fleiri en styrkleikarnir. Nokkrir veikleikar, sem nefndir eru og gefa ríka ástæðu til að gripið verði til aðgerða, eru:

- Bjartsýni var næst minnst meðal fyrirtækja á Norðurlandi vestra þegar spurt var um væntingar á þróun tekna allra næstu misserin.
- Fyrirtæki á Norðurlandi vestra komu næst verst út úr mati á afkomu til lengri tíma þegar landshlutar voru bornir saman.
- Afkoma fyrirtækja til skemmri tíma mældist næst verst á Norðurlandi vestra.
- Á Norðurlandi vestra mældust tekjur næstlægstar hlutfallslega þegar landshlutarnir voru bornir saman.
- Á Norðurlandi vestra sögðu fæstir þátttakendur að vöntun væri á starfsfólki með ákveðna menntun og varð landshlutinn í neðsta sæti að þessu leyti.
- Norðurland vestra hafði lægsta vinnuaflsvægi þegar landshlutarnir voru bornir saman.

Það er því ljóst að víðtæks stuðnings við atvinnulíf landshlutanum er þörf. Í þeim tilgangi leggur ársþing SSNV til að stofnaður verði starfshópur sem hefur það verkefni að finna leiðir til að fjölga störfum á Norðurlandi vestra. Í hópnum sitji, auk stjórnar SSNV, fulltrúar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og forsætisráðuneytis. Skal hópurinn ganga út frá fyrirbyggjandi greiningum á stöðu landshlutans og leggja fram ítarlegar tillögur um hvernig fjölga megi störfum á Norðurlandi vestra.

## Sóknaráætlun Norðurlands vestra

### Lykilatriði:

---

<sup>4</sup> [http://ssv.is/wp-content/uploads/2019/06/Fyrirtaekjakonnun\\_2018\\_allir-landshlutar-lokautgafa.pdf](http://ssv.is/wp-content/uploads/2019/06/Fyrirtaekjakonnun_2018_allir-landshlutar-lokautgafa.pdf)

- *Fjármagn til sóknaráætlunar verði stóraukið og fleiri ráðuneyti nýti sannreyndan farveg áætlunarinnar fyrir verkefni.*

### Greinargerð

Árið 2021 er annað ár yfirstandandi samningstímabils sóknaráætlana landshlutanna. Covid-19 faraldursins hefur sett strik í reikninginn við framkvæmd áætlunarinnar. Við lok fyrstu bylgju faraldursins fékkst viðbótarstuðningur inn í sóknaráætlanir og er fyrir það þakkað. Jafnframt var lítillega aukið við framlög fyrir árið 2021. Þeir takmörkuðu fjármunir mega sín hins vegar ekki mikils gagnvart þeim vanda sem víðar er uppi vegna áhrifa faraldursins. Ársþing SSVN leggur ríka áherslu á að fjármagn til sóknaráætlana verði stóraukið og fleiri ráðuneyti nýti sér þennan sannreynda farveg fjármuna og verkefna. Þannig fá áætlanirnar aukinn slagkraft heima í héraði til að sporna við áhrifum heimsfaraldursins – samfélögunum til heilla.